

boenda
FERÐIR

HJÓLAÐ Í DÖLUM DÓLÓMÍTANNA



1. – 8. september 2019
Fararstjórn: Bjarni Torfi Álfþórsson

Hjólaferð
Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Fjallsrætur hinna ægífögru **Dólómítafjalla** bjóða upp á fjölbreyttar og fallegar hjólaleiðir og flokkast sem miðlungserfið hjólaferð og ætti að henta flestu hjólafélki. Stórkostleg fjallasýn og fagrir dalir laða fólk að þessu undurfagra svæði. Við hjólum inn í dalina við **Hochpusterdal**, líkt og **Gsies**, **Sextner** dalinn og hinn einstaka **Drau** dal. Eins fylgjum við gömlu leið Dólómítalestarinnar til ítalska bæjarins Cortina d'Ambezzo. Á vegi okkar verða blómleg bændabýli, hið fagra Toblacher vatn, vígalegu tindarnir þrír, **Drei Zinnen** og lítil fögur þorp. Austurríki er aðeins í nokkurra kílómetra fjarlægð og munum við því iðulega fara yfir landamærin á ferðum okkar. Dagleiðirnar spanna um 25-65 km og ferðahraðinn er ekki meiri en svo að auðvelt er að upplifa umhverfið og njóta þess sem fyrir augu ber. Inn á milli gefst jafnframt tækifæri til að njóta þessa fagra umhverfis á eigin vegum. Gist verður á 4* fjallahótelu í **Toblach** í Suður-Tíról. Á hótelinu er fyrirmyndaraðstaða til afslöppunar og endurnæringar eftir dásamlegar hjólaferðir í stórbrotinni náttúru.

8 dagar | 7 nætur í Toblach



Tillaga að dagleiðum

Eftirfarandi eru leiðarlýsingar til viðmiðunar fyrir 5 hjóladaga sem fararstjóri getur skipulagt eftir eigin höfði ásamt því að breyta eða bæta við þeim stöðum sem honum þykir áhugavert að heimsækja. Gert er ráð fyrir einum frídegi.

1. Pusterdalur – Bruneck – Toblach

Ferðin hefst á hæsta punkti við Toblach. Hjólaleiðin hlykkjast með fram ánni Rienz, í gegnum falleg lítil þorp Pusterdalsins til Bruneck. Hér væri hægt að fá sér hressingu og skoða bæinn í rólegheitum. Farið með lest frá Bruneck til baka á hótelið.

Vegalengd: ca 30 km

Lækkun: 350 m

Erfiðleikastig: létt

2. Sextnerdalur – Talschlusshütte - Toblach

Í dag er hjólað frá Toblach að Talschlusshütte. Haldið verður í áttina að Innichen og þaðan áfram í áttina að Sexten. Hjólað verður á fjölbreyttum stígum, með fram lækjum og villtum blómaengjum og þekktustu tindar Dólómítafjallanna skaga yfir okkur. Leiðin þangað er örlítið upp á við en inn á milli er jafnslétta til að kasta mæðinni og njóta þessa yndislega umhverfis. Þegar komið er að Talschlusshütte verður hægt að fá sér dæmigert sætmeti heimamanna, Kaiserschmarrn, eða annað lostæti af matseðli eldhússins. Hvílum okkur og njótum



stórkostlegs útsýnis yfir á fjallstinda Sextner Sonnenuhr, fjallaklukku sem fimm fjallstindar mynda; Nían, Tían, Ellefan, Tólfan og Ásinn. Eftir þessa kærkomnu pásu hjólum við til baka, að mestu örlítið niður í móti, að Fischleinbodenhütte, til Sexten í gegnum dýrðleg engi og skóga og þaðan aftur til Innichen og til baka á hótelið.

Vegalengd: ca 40 km

Hækkun/lækkun: ca 350 m

Erfiðleikastig: miðlungserfið

3. Dólómítalestarleiðin: Toblach – Cortina d'Ampezzo - Pieve di Cadore



Þessi skemmtilega hjólaleið liggur þar sem áður voru lestarteinar

Dólómítalestarinnar. Við hjólum í gegnum Höhlensteindalinn að Toblacher vatni. Skömmu seinna blasir við okkur einstakt útsýni á tindana þrjá, Drei Zinnen. Þegar svo komið er að Dürrensee vatninu gnæfir fjallið Cristallo yfir okkur. Nú tekur við einstök leið til Cortina d'Ampezzo í gegnum upplýst lestargöng, sem eru eingöngu ætluð hjólræðafólki. Áfram

höldum við svo þægilegan hjólaveg niður í móti áleiðis til Pieve di Cadore, fæðingarbæjar ítalska málara Tiziano. Héðan tókum við almenningsvagn til baka til Toblach. Vagninn stoppar ekki langt frá hótelinu.

Vegalengd: ca 30 km

Hækkun/lækkun: ca 300/600 m

Erfiðleikastig: miðlungserfið

4. Gsiesertal – Toblach

Eftir morgunverð verðum við flutt til Gsiesertal, upphafsstöð dagsins í dag. Í þessum dal ríkir mikil rósemd og sveitasæla með blómlegum býlum. Á leið okkar í dag gefst kostur á að heimsækja bæinn Welsberg og skoða þar samnefndan kastala. Í Niederdorf er svo hægt að hlaða sig orku með því að vaða í heitu og köldu vatni til skiptis og örva þannig blóðrás, taugar og efnaskipti eftir hjólaferðir síðustu daga.

Vegalengd: ca 30 km

Hækkun/lækkun: ca 130/290 m

Erfiðleikastig: létt

5. Silvesteralm á rafmagnshjólum

Hjólaleið dagsins reynir aðeins á kálfana. Við fáum rafmagnshjól sem auðvelda okkur ferðina og höldum beint frá Toblach, 8 km langa leið til Silvesteralm skálans en þessi leið er öll örlítið upp á við. Þetta er samt sem áður tiltölulega þægileg leið með fram Silvester læknum, fyrir utan tvær stuttar brekkur. Fáum okkur hressingu og köstum mæðinni í skálanum Silvesteralmhütte og njótum þagnarinnar við undirleik róandi hljóma kúabjallna. Á leiðinni til baka hjólum við fjölbreytta leið, bæði á skógarstígum og malbikuðum stígum aftur til Toblach. Stórfenglegt útsýni yfir Sextner Dólómítana og Pusterdalinn fylgja okkur alla leiðina heim.

Vegalengd: ca 30 km

Hækkun/lækkun: ca 600 m

Erfiðleikastig: miðlungserfið



Undirbúningur

Þessi miðlungserfiða hjólaferð er líka hentug sem fjölskylduhjólaferð. Hjólað er mest megnis um hjólavegi í þægilegum halla. Fólki gefst möguleiki á að velja vegalengdirnar sjálft flesta dagana og í samræmi við vegalengdina verður akstur til baka á hótél annað hvort með lest eða bíl. Ráðlegt væri að festa kaup á gelhnakk eða hjólabuxum með rasspúðum. Farastjóri mun boða gesti sína í stutta hjólaferð eða ferðir hér heima áður en haldið verður erlendis. Enn fremur verður einn fundur með fararstjóra.

Hótél

Gist verður á 4* hótelinu Parkhotel Bellevue í Toblach. Hótelíð er vel staðsett, ca 1,1 km frá miðbænum. Herbergin eru með baði, hárpurrku, sjónvarpi með gervihnattastöðvum, síma, ísskáp og öryggishólfi. Í garðinum er hugguleg sólbaðsaðstaða með bekkjum og heilsulind hótelsins býr yfir sundlaug, gufu og líkamsræktaraðstöðu. Hægt er að bóka heilsumeðferðir gegn gjaldi.

Flug

Flogið verður með Icelandair til München þann 1. september. Brottför frá Keflavík kl. 7:20 en mæting í Leifsstöð í síðasta lagi 2 klst fyrir brottför. Lending í München kl. 13:05 að staðartíma. Frá flugvellinum í München eru rúmir 300 km til Toblach svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki tæplega 4 klst. Á heimleið 8. september leggjum við snemma af stað út á flugvöll en flogið verður heim kl. 14:05 frá München. Lending á Íslandi kl. 16:00 að staðartíma.



Verð

222.200 kr. á mann í tvíbýli | 25.500 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í München og hótelsins í Toblach.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á 4 stjörnu hóteli.
- ✓ Morgun- og kvöldverðarhlaðborð allan tímann á hóteli.
- ✓ Aðgangur að heilsulind hótelsins ásamt baðslopp og inniskóm.
- ✓ Hjólaprógramm 5 daga.
- ✓ Flutningur á hjólum samkvæmt hjólaprógrammi.
- ✓ Innlend leiðsögn í hjólaferðum.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Leiga á 24 gíra hjóli í 5 daga og 1 dagur rafmagnhjól 13.500 kr.
- ✓ Leiga á rafhjóli í 6 daga 22.500 kr.
- ✓ Aðgangseyrir inn á söfn, í hallir og kirkjur.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Leigubílaakstur, strætó eða lestarferðir.
- ✓ Hádegisverður.
- ✓ Þjófnef.

